

FERÐAÞJÓNUSTA Í TÖLUM

– Janúar 2026


Erlendir farþegar frá Íslandi um Keflavíkurflugvöll

Brottfarir erlendra 2025¹


	% af brottförum	Fjöldi	Breyting frá	
			2024	2023
Heildarfjöldi		2.253.157	-0,4%	1,9%
<i>10 stærstu þjóðernin*</i>				
Bandaríkin	29,0%	653.875	5,4%	1,9%
Bretland	10,3%	232.892	-12,5%	-18,3%
Þýskaland	6,6%	148.003	4,3%	6,3%
Kína	5,5%	124.350	29,2%	122,1%
Frakkland	4,4%	99.652	4,3%	-1,5%
Ítalía	3,8%	86.278	-12,6%	5,6%
Kanada	3,6%	80.998	4,1%	36,5%
Pólland	3,5%	78.124	-28,0%	-43,6%
Spánn	3,4%	75.540	5,1%	9,7%
Holland	2,4%	54.913	-18,7%	1,9%

*Samanlagt voru tíu stærstu þjóðernin 2025, 72.5% af heild.


Brottfarir eftir mánuðum 2025 ('000)¹



Brottfarir eftir mánuðum 2025 – Fimm stærstu þjóðernin¹



Brottfarir erlendra farþega 2021-2025¹



Tilgangur Íslandsferðar, dvalarlengd erlendra ferðamanna

Megintilgangur 2025²


	% af brottförum	Fjöldi*
Frí	92,3%	2.080.340
Heimsókn til vina/ætt.	2,5%	55.428
Heilsutengt, nám o.fl.	2,3%	51.372
Viðskiptatengt	1,4%	31.995
Dvöl án gistingar	1,5%	34.022

*Fjöldatölur eru uppreiknaðar út frá talningum á Keflavíkurflugvelli.

Dvalarlengd ferðamanna 2025²


	Meðalfjöldi gistingu
Meðaldvalarlengd	7,1
Bandaríkin	6,2
Bretland	5,0
Þýskaland	9,8
Kína	5,9
Frakkland	9,3
Ítalía	7,8
Kanada	6,7
Pólland	7,1
Spánn	8,1
Holland	8,1

Dvalarlengd (nætur) ferðamanna eftir mánuðum 2025²




Hvaða landshlutar heimsóttir og í hvaða landshluta gist

Hvaða landshluta heimsóttu erlendir ferðamenn – % þeirra sem heimsóttu landshluta 2025²



Í hvaða landshluta gistu erlendir ferðamenn – % þeirra sem gistu 2025²




Gistinætur


Skráðar gistinætur Íslendinga og útlendinga 2025³

	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá ⁴	
			2024	2023
Gistinætur alls		10.160.396	9,1%	7,1%
Hótel	53,5%	5.439.910	3,3%	3,3%
Gistiheimili	12,7%	1.288.303	4,0%	-0,2%
Önnur gisting	33,8%	3.432.183	22,3%	17,1%

Skráðar gistinætur (´000) eftir mánuðum³



Skráðar gistinætur 2021-2025³



Hótelgistinætur

Gistinætur 5 stærstu þjóðerna* á hótélum 2025

	% af gistinóttum	Fjöldi gistinóttanna	Breyting frá ⁴	
			2024	2023
Gistinætur alls		5.439.910	3,3%	3,3%
Bandaríkin	28,2%	1.533.631	1,6%	4,1%
Bretland	11,0%	598.171	-5,3%	-20,2%
Ísland	10,6%	577.911	-27,7%	-14,3%
Þýskaland	7,5%	407.683	10,0%	-3,3%
Kína	6,6%	356.561	60,3%	158,4%


*Gistinætur fimm stærstu þjóðerna 63,9% af hótelgistinóttum.

Herbergjanýting á hótélum 2025³


	Landið allt			Höfuðborgarsvæðið		
	Nýting 2025	Breyting frá ⁴		Nýting 2025	Breyting frá ⁴	
		2024	2023		2024	2023
Allt árið	67,3%	2,1%	-1,5%	74,8%	-0,5%	-2,7%
Jan	46,5%	4,7%	-9,7%	62,2%	-1,9%	-12,4%
Feb	62,8%	1,8%	-4,0%	75,7%	0%	-5,3%
Mar	62,3%	-1,9%	-4,2%	73,2%	-3,8%	-7,0%
Apr	56,7%	11,0%	-2,4%	62,0%	5,3%	-6,2%
Maí	63,7%	8,1%	-3,2%	69,1%	7,6%	-1,7%
Jún	79,9%	8,3%	1,1%	81,6%	4,3%	1,9%
Júl	88,9%	9,8%	2,4%	89,0%	9,6%	1,6%
Ágú	89,7%	4,2%	4,5%	92,2%	3,4%	9,4%
Sep	81,9%	3,9%	0,2%	84,4%	2,1%	1,7%
Okt	72,7%	-5,8%	-4,0%	80,9%	-6,4%	-4,6%
Náv	56,8%	-8,1%	-3,1%	69,4%	-8,1%	-6,8%
Des	45,1%	-13,1%	-1,7%	58,4%	-17,5%	-7,2%

Herbergjanýting á hótélum eftir landshlutum³


Desember 2025




Nóvember 2025




Október 2025




September 2025




Ágúst 2025




Júlí 2025




Júní 2025




Maí 2025




Apríl 2025




Mars 2025



Febrúar 2025



Janúar 2025



Heimildir

¹Ferðamálastofa og Isavia: Brottfarartalningar á Keflavíkurflugvelli 2020-2025. Talning er gerð meðal farþega á leið úr landi áður en komið er inn á brottfararsvæði og ber að túlka með þeim fyrirvörum sem aðferðafræðin felur í sér. Þjóðernatalning byggir á úrtaksaferð.

²Ferðamálastofa: Landamærakönnun Ferðamálastofu og Hagstofu Íslands á Keflavíkurflugvelli 2025.

³Hagstofa Íslands: Gistinóttatalningar 2021-2025. Um er að ræða bráðabirgðatölur fyrir árið 2025. Með skráðum gistinóttum er átt við gistinætur hjá rekstraraðilum sem eru skráðir í gistináttagrunni Hagstofunnar.

⁴Samanburður tekur mið af gistinóttum á ársgrunni 2025/2024 og 2025/2023.

Ferðapjónusta í tölum, janúar 2026 - samantekt

Í „Ferðapjónusta í tölum – janúar 2026“ má sjá samantekt um ýmsar stærðir í íslenskrí ferðapjónustu fyrir árið 2025, m.a. brottfarartalningar erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurflugvöll, skráðar gistinætur, nýtingu á hótélum og nokkrar niðurstöður er varða dvöl ferðamanna á Íslandi s.s. um tilgang ferðar, dvalarlengd og heimsóknir eftir landshlutum.

Um 2,2 milljónir erlendra farþega frá landinu árið 2025*

Brottfarir erlendra farþega frá landinu um Keflavíkurflugvöll voru um 2,25 milljónir árið 2025 samkvæmt talningum Ferðamálastofu og Isavia sem er svipaður fjöldi og árin 2023 og 2024. Brottfarir síðustu þrjú ár benda til þess að fjöldi ferðamanna sé sambærilegur og á árunum 2017-2019.

Bandaríkjamenn voru fjölmennastir árið 2025, um 654 þúsund talsins eða þrír af hverjum tíu (29%) farþegum frá landinu. Þetta gerir um 33 þúsund fleiri Bandaríkjamenn (+5,4% aukning) en árið 2024 og um 12 þúsund fleiri (+1,9%) en árið 2023. Áður höfðu þeir mest mælst á ársgrunni 2018, 695 þúsund. Bretar voru í öðru sæti, um 233 þúsund, um 33 þúsund færri (-12,5%) en árið 2024 og 52 þúsund færri (-18,3%) en árið 2023. Fjöldi Breta er langt frá því sem þeir voru á árunum 2016 til 2018 þegar þeir voru jafnan um og yfir 300 þúsund á ári. Í þriðja sæti voru Þjóðverjar, um 148 þúsund, aðeins fleiri en árið 2024 (+4,3%) og 2023 (+6,3%). Fjórða sætið skipuðu Kínverjar, 124 þúsund, sem er veruleg fjölgun frá 2024 (+29,2%) og 2023 (+122,1%). Þeir hafa ekki áður mælst svo margir, en höfðu mest verið 105 þúsund árið 2018. Samanlagt voru þessar fjórar þjóðir um helmingur (51,4%) brottfara erlendra farþega.

Um 38% brottfara voru að sumri til (júní-ágúst), um 32% að vori eða hausti (apríl-maí/sept-okt) og 30% yfir vetrar-mánuðina (jan-mars/nóv-des). Í samanburði við fyrri ár hefur hlutfallsleg dreifing eftir árstíðum verið nokkuð stöðug.

Tilgangur ferðar og heimsóknir eftir landshlutum

Langflestir, eða ríflega níu erlendir ferðalangar af hverjum tíu (92,3%) voru í fríi á Íslandi árið 2025 samkvæmt könnun Ferðamálastofu. Um 2,5% voru í heimsókn hjá vinum og ættingjum, 2,3% í námsferð, heilsutengdri ferð eða öðrum persónulegum erindum og 2,9% í annars konar tilgangi. Um 86% ferðamanna heimsóttu höfuðborgarsvæðið, 79% Suðurland, 65% Reykjanes, 49% Vesturland, 34% Norðurland, 31% Austurland og 15% Vestfirði.

Meðalfjöldi gistinotta 7,1 nótt

Ferðamenn dvöldu að jafnaði 7,1 nótt á Íslandi 2025 samkvæmt könnun Ferðamálastofu, svipað og árið áður. Af tíu fjölmennustu þjóðernunum dvöldu Þjóðverjar lengst (9,8 nætur) og Frakkar næstlengst (9,3 nætur). Bretar dvöldu hins vegar styst (5,0 nætur) og Kínverjar næst styðst (5,9 nætur). Þegar dvalarlengd er skoðuð eftir mánuðum var hún lengst í ágúst (8,4 nætur) og júlí (8,2 nætur), en styst í febrúar og desember (5,4 nætur).

Skráðar gistinætur 2025 aldrei fleiri

Gistinætur í landinu voru rúmlega tíu milljónir árið 2025 samkvæmt gistináttagrunni Hagstofunnar, 848 þúsund fleiri (+9,1%) en árið 2024 og 675 þúsund fleiri (+7,1%) en árið 2023. Þar við bætast gistinætur útlanda í óskráðri gistingu en upplýsingar um þær liggja ekki fyrir. Um 4,5 milljónir, eða tvær af hverjum fimm gistinóttum voru að sumarlagi.

Nærri níu af hverjum tíu gistinóttum 2025 mátti rekja til útlanda eða um 8,8 milljónir. Það er 1,1 milljón fleiri gistinætur (+13,8%) en árið 2024 og 842 þúsund fleiri (+10,5%) en árið 2023. Gistinætur landsmanna 2025 mældust um 1,3 milljónir, töluvert færri en árin 2020 til 2024. Mest fóru þær í 1,7 milljónir árið 2021.

Helmingur gistinotta á hótélum tilkomnar vegna bandarískra, breskra og íslenskra ferðalanga

Ríflega helmingur (53,5%) allra skráðra gistinotta árið 2025, eða 5,4 milljónir, voru á hótélum, samkvæmt gögnum Hagstofu. Það er 3,3% aukning frá 2024 og 2023 þegar fjöldinn var tæplega 5,3 milljónir. Af hótélginóttum mátti rekja 1,5 milljónir til Bandaríkjamanna, 598 þúsund til Breta og 577 þúsund til Íslendinga, samanlagt um helming allra hótélginóttanna. Í næstu sætum voru Þjóðverjar og Kínverjar.

Nýting á hótélum dróst saman á fjórða ársfjórðungi 2025

Á heilsársgrunni var herberganýting 67,3% á landsvísu árið 2025 og 74,8% á höfuðborgarsvæðinu. Það gerir 2,1% betri nýtingu á landsvísu en árið 2024, en 0,5% lakari á höfuðborgarsvæðinu. Nýting var betri í flestum mánuðum fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins 2025 en dróst saman á fjórða ársfjórðungi, mest í desember, þegar hún var 13,1% lakari á landsvísu og 17,5% lakari á höfuðborgarsvæðinu.

Best nýting mældist í ágúst 2025: 93% á Suðurlandi, 92% á höfuðborgarsvæðinu og 91% á Austurlandi. Júlí fylgdi fast á eftir með 97% nýtingu á Austurlandi, 94% á Suðurlandi og 89% á höfuðborgarsvæðinu. Nýting fór niður fyrir 50% á landsvísu tvo mánuði ársins, í janúar og desember.

* Fjöldatölur taka mið af brottfarartalningum Ferðamálastofu og Isavia á Keflavíkurflugvelli og ber að skoða tölurnar með þeim fyrirvörum sem aðferðafræðin felur í sér.